

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Gjört í Ósló 14. desember 1996

Done at Oslo, 14 December 1996

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:

For the Icelandic Delegation:

Jóhann Sigurjónsson

Jóhann Sigurjónsson

Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:

For the Norwegian Delegation:

Dag Erling Stai

Dag Erling Stai

## AUGLÝSING

### um samkomulag við Rússland um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997.

Hinn 14. desember 1996 var undirritað í Ósló samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 1997. Með ályktun 20. desember 1996 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 7. janúar 1997.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*

### Fylgiskjal.

#### **SAMKOMULAG milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997.**

#### **ARRANGEMENT between Iceland and the Russian Federation on Access to the Icelandic Economic Zone in 1997**

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1997, sem undirrituð var í dag af Íslandi, Færeyjum, Noregi, Rússneska sambandsríkinu og Evrópubandalaginu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 1997 allt að 6.500 lestrir af síld innan efnahagslögsögu Íslands utan línu sem er dregin milli eftirtalinnna punkta:

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between Iceland, the Faroe Islands, Norway, the Russian Federation and the European Community on the Management of the Norwegian Spring Spawning herring (Atlanto-Scandian herring) stock in the Northeast Atlantic for 1997 the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels be granted access in 1997 to take up to 6.500 tonnes of herring within the Icelandic Economic Zone outside a line drawn between the following points:

- A. 64°00'N – 09°00'V
- B. 67°00'N – 09°00'V
- C. 69°25'N – 13°00'V

2. Rússnesk yfirvöld skulu tilkynna íslenska sjávarútvegsráðuneytinu fyrirfram um hvaða fiskiskip hyggjast stunda fiskveiðar innan efnahagslögsögu Íslands og hvaða gerð veiðarfæra verði notuð. Þeim er ekki heimilað að hefja fiskveiðar fyrr en sjávarútvegsráðuneytið hefur veitt samþykki sitt fyrir veiðum þeirra.

3. Eftirfarandi reglur gilda um tilkynningar til Landhelgisgæslu Íslands um veru rússneskra skipa innan efnahagslögsögu Íslands og veiðar þeirra þar:

A. Öll fiskiskip skulu tilkynna, með mest 12 klukkustunda fyrirvara en minnst 6 klukkustunda fyrirvara, um komu sína inn í efnahagslögsögu Íslands og láta í té upplýsingar um aflann um borð.

B. Öll fiskiskip skulu tilkynna daglega, milli klukkan tíu fyrir hádegi og tólf á hádegi á meðan þau eru innan efnahagslögsögu Íslands, um staðsetningu sína og láta í té upplýsingar um aflann undangengnar 24 klukkustundir.

C. Þegar skip siglir út úr efnahagslögsögu Íslands ber að tilkynna það og láta í té upplýsingar um allan afla um borð.

4. Fara skal að með sérstakri gát ef skip eru þétt saman að veiðum á fiskveiðisvæði. Sýna ber hringnótaskipum sérstaka tillitssemi.

Ósló, 14. desember 1996

Fyrir hönd sendinefndar Íslands

Jóhann Sigurjónsson

Fyrir hönd sendinefndar  
Rússneska sambandsríkisins

V. Zilanov

- A. 64°00'N – 09°00'W
- B. 67°00'N – 09°00'W
- C. 69°25'N – 13°00'W

2. Russian authorities shall notify the Icelandic Ministry of Fisheries in advance as to which fishing vessels intend to engage in fisheries within the Icelandic Economic Zone and the type of fishing gear to be used. They are not authorised to commence fishing until the Ministry of Fisheries has agreed to their fishing.

3. Regarding notification to the Icelandic Coast Guard on the presence and fishing of Russian vessels within the Icelandic Economic Zone, the following rules shall apply:

A. Each fishing vessel shall, at a notice of 12 hours maximum but 6 hours minimum, notify of its arrival into the Icelandic Economic Zone and provide information on the catch onboard.

B. Each fishing vessel shall notify daily between 10 a.m. and 12 noon, while within the Icelandic Economic Zone, of the vessel's position and provide information on the last 24 hours' catch.

C. A notification shall be given when a vessel sails out of the Icelandic Economic Zone and information shall be provided on the total catch onboard.

4. In case of high density of fishing vessels in a fishing area, the fishing operations shall be carried out with particular caution. Special consideration shall be shown towards purse seine fishing vessels.

Oslo, December 14, 1996

For the Delegation of Iceland

Jóhann Sigurjónsson

For the Delegation of the  
Russian Federation

V. Zilanov